

Starfsgreinaráð	Bygginga – og mannvirkjagreinar	
Starfsheiti	Pípulagningamaður	Löggilt iðngrein
Dagsetning	2. september 2021	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalýsing:

Pípulagningamaður leggur og tengir vatnshita-, neysluvatns- og frárennsliskerfi og setur upp lagnakerfi, teiknar deililausnir og sinnir frágangi lagna. Vinnur við ný- og endurbyggingu húsa, samgöngu- og orkumannvirkja. Annast samskipti við verkkaupa og leiðbeinir kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Pípulagningarmaður býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum.

Hæfnikröfur:

Les bygginganefndar- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi einstakra húshluta og verkþátta.

Hannar og útfærir hita-, vatns- og frárennslislagnir og teiknar upp deililausnir og frágang.

Færir út mælipunkta.

Leggur vatnshitakerfi innanhúss, s.s. ofnakerfi og gólfhitalagnir, setur upp stýrikerfi, þrýstiprófar og gangsetur hitakerfi og samhæfir virkni þeirra.

Leggur neysluvatnskerfi fyrir heitt og kalt vatn innanhúss og setur upp og tengir hreinlætis- og heimilistæki.

Leggur og þrýstiprófar öll kerfi.

Setur upp og stillir búnað í tækjaklefum.

Setur upp og annast sérhæfð lagnakerfi, s.s. gas, þrýstilofts- og súrefniskerfi, varmadælur og kælifrafta.

Leggur snjóbræðslukerfi og setur niður og tengir stofnlagnir og deilirör.

Leggur vatnsúða- og slökkvikerfi með viðeigandi stjórnþúnaði og annast umsjón þeirra.

Leggur og tengir við tæki í loftræstikerfum og setur upp.

Metur og annast viðhald og viðgerðir á lagnakerfum og búnaði þeim tengdum.

Velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni. Þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast.

Fer eftir lögum og reglum um verndun og friðun húsa og þekkir gamlar byggingarhefðir og handverk.

Fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir.

Beitir réttum aðferðum við notkun hættulegra efna.

Vinnur sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð sína og leggur mat á eigin vinnu.

Þekkir og getur unnið eftir gæðakerfi.

Hefur tileinkað sér snyrtimennsku og gengur vel um vinnustað sinn.

Sýnir fagmennsku og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.
Þekkir ferli frá tilboðsgerð til afhendingar. Hefur innsýn í rekstur og skipulag fyrirtækja, uppbyggingu gæðahandbókar og þekkir mismunandi launakerfi.
Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.
Fylgir lögum um vinnuvernd, tryggir öryggi sitt og annarra á vinnustað, er fær um að beita skyndihjálpi í kjölfar slyss eða óhapps.